

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2013



6. tbl. 16. árg.

Wilson's PIZZA

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagid

Virka daga: 8 - 18
Laugardagar: 10 - 16

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 6

Fyrstu stúdentar

Myndlistaskólans

- bls. 10

Droplaug

Guðnadóttir form.

sóknarnefndar Neskirkju

- bls. 15

Íþróttir



Segja má að drifið hafi að múg og margmenni að Mýri.

Hátíðahöld á leikskólanum Mýri

Þann 13. júní síðastliðinn hélt leikskólinn Mýri í litla Skerjafirði sína árlegu Skerpluhátíð. Mikið var um dýrðir og skreyttu börn og starfsfólk garðinn með eigin listaverkum. Þau sem vildu fengu andlitsmálningu og var dansað við dynjandi tónlist í undirbúningi hátíðarinnar.

Margt var um manninn og mættu foreldrar barnanna ásamt, öfum, ömmum og öðrum velunnurum barnanna og leikskólans. Að þessu sinni var hátíðin övenju viðamikil enda var leikskólinn að taka við sínum öðrum grænfána. Mýri hefur tekið þátt í grænfána-verkefni á vegum Landverndar

síðastliðin fjögur ár og voru nú verðlaunuð með nýjum fána fyrir vel unnin störf. Börnin og starfsfólk hafa lagt megin áherslu á að fræðast um vatn síðustu tvö árin og var hluti af því verkefni að safna dósum og safna fyrir vatnstanki í Uganda á vegum Hjálparstofnunar Kirkjunnar. Dósasöfnin tókst það vel að fjárfest var í geit sem á eftir að koma að góðum notum í Uganda. Samhliða þessu var trétunna tekin í notkun á hátíðinni sem vakti mikla lukku meðal barnanna. Á leikskólanum er safnað rigningarvatni sem hægt er að nota til ýmissa verka á leikskólanum. Það kemur þó að



Margt var sér til gamans gert á Skerpluhátíð.

Því að tunnan tæmist og vatnið rennur til þurrðar eins og gerist víða um heim. Leikskólinn hef-

PANTADU Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345

Fljótt og Gott

Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 15.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

ur samhliða þessu tekið þátt í Comeniusarverkefni síðastliðin tvö ár sem er samstarfsverkefni sjö leik- og grunnskóla í jafnmörgum löndum Evrópu. Að því tilefni sýndi útskriftarárgangur leikskólans leikrit sem öll börnin í skólanum tóku þátt í að gera við sögu frá samstarfsskóla í Eistlandi. Það er greinilega nóg um að vera á leikskólanum Mýri eða eins og sagt er þar á bæ: „á Mýri er hopp og hí, hopp og hí“.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Amerísk bláber á aðeins **499** askjan

Melabúðin þín verslun

Sími 551-0224

Svínakjötstilboð!

Úrbeinaður hnakki, kótelettur og lundir
- helgina 27.-30. júní - meðan birgðir endast

Glænýr villtur lax

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188
Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933
Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is
Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
6. tbl. 16. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Íbúasamtök eru hagsmunasamtök

Íbúasamtök eru samtök íbúa þar sem getur í samvinnu við aðra haft áhrif á hverfið og þróun þess. Samtökin leitast við að standa vörð um hagsmuni íbúanna og hverfisins og stuðla að bættu mannlífi. Þannig er með Íbúasamtök miðborgarinnar sem er hjarta Reykjavíkur og flestum borgarbúum kær. Í þessum borgarhluta eru elstu hús borgarinnar, sum frá 19. öld, en mörg frá byrjun 20. aldar. Hlúa þarf að byggingasögu hverfisins og byggingararfleið meira en gert er í dag. M.a. felst styrkur Laugavegarins í því hversu fjölbreytt húsagerðin við hann er. Hús við Laugavegin og í nálægum götum hafa hins vegar drabbast niður á undanförnum áratugum vegna skorts á skipulagsáætlunum. Þessari óheillaþróun vilja Íbúasamtökin snúa við, efla samtöðu meðal íbúanna og þeirra sem vinna í miðborginni, ekki síst kaupmanna, því hvað er gömul miðborg án verslana. Þingholtin eru með þéttustu byggð á landinu og þar á því sem annars staðar uppbygging að felast í varðveislu og fegrun húsaheilda. Þær nýbyggingar sem óhjákvæmilega þarf að reisa t.d. á auðum lóðum í byggðinni eiga að taka þátt í byggðinni sem fyrir er en ekki verða í andstöðu við hana um leið og þær ættu að taka þátt í „Menningarstefnu í mannvirkja-gerð” sem tekur til verndun húsheilda og nýbygginga. Bygging glerhallar við hlið Hótel Borgar er t.d. hrópanði dæmi um hið gagnstæða og algjört stílbrot við Austurvöll allra landsmanna. Íbúasamtök miðborgarinnar vilja koma á hverfisvernd til að hverfið fái haldið sérkennum sínum og yfirbragði um leið og leitast verður við að sannfæra húseigendur og fjárfesta um að meiri arður er af varðveislu byggingarfsins þegar til lengri tíma er lítið en niðurrífi hans og byggingu sálarlausra bygg- inga. Tekið var tillit til þessara sjónarmiða þegar nýbyggingar risu á horni Lækjargötu og Austurstrætis í stað þeirra sem þar brunnu.

Maður er mannsins gaman

Götu- og hverfahátíðir fara nú víða fram þessar komandi þegar sumarið verður í sem mestum blóma. Slíkar sam- komur þar sem íbúar á öllum aldri bera út á götu borð og stóla, grilla góðan mat og skemmta sér saman við söng, leiki og svolítinn glasaglaum er mjög til þess fallnar að efla sam- kennd íbúanna. Stærri samkomur eins og hverfahátíðir í Skerja- firði, Litla-Skerjafirði, við Melhaga og víðar krefjast meiri undir- búnings en því meiri verður ánægjan þegar vel til tekst. Vestur- bæjarblaðið óskar öllum lesendum sínum góðrar skemmtunar í hverju því einu sem þeir taka sér fyrir hendur í sumar í leik og starfi, götuhátíðum sem ferðalögum um okkar fallega land. Þótt það rigni þegar þetta er skrifað hvet ég alla til að láta ekki hug- fallast, það hlýtur að stytta upp, og sólin láti aftur sjá sig. För- um með jákvæðum huga inn í sumarið á hveitibrauðsdögum nýrrar ríkisstjórnar.

Geir A. Guðsteinsson

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Breyting á deiliskipu- lagí Kaplaskjóls felld úr gildi

Á fundi borgarráðs Reykjaví- ur var lagt fram bréf úrskurðar- nefndar umhverfis- og auðlinda- mála dags. 27. september 2012 ásamt kæru dags. 24. september 2012 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna Víðimels 80 / Kaplaskjólsvogar 2 og Meist- aravalla 1-3. Einnig var lögð fram umsögn lögfræði og stjórnsýslu, dags. 4. des. 2012. Lagður var fram úrskurður úrskurðarnefnd- ar umhverfis- og auðlindamála frá 31. maí 2013. Úrskurðarorð: Ákvörðun borgarráðs Reykjaví- ur frá 11. október 2012 um breyt- ingu á deiliskipulagi Kaplaskjól- s í Reykjavík er felld úr gildi.

Frostaskjól stofnun ársins

Starfsmannafélag Reykjavíkur valdi „Stofnun ársins – Borg og Bær“ í annað sinn þann 24. maí sl. Frístundamiðstöðin Frostas- skjól bar sigur úr þýtum í flokki stærri stofnana, með fleiri en 50 starfsmenn. Frostaskjól fékk ein- kunnina 4.128 og er hæst allra stofnana í Reykjavík, hvort sem um litla eða stóra stofnun er að ræða. Kannað er hjá félagsmönn- un hvernig þeim líður í vinnunni, hvernig andinn á vinnustaðnum er, traust á yfirmenn, ánægju og stolt, trúverðugleika stjórnenda, ímynd, sjálfstæði í starfi og fleira. Könnunin er stærsta vinnustaða- könnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur hún mikilvæg- ar upplýsingar um stöðu starf- manna á vinnumarkaði. Samstarf er við stéttarfélögin VR og SFR um framkvæmdina. Í Frostas- skjóli starfa 109 starfsmenn á 8 starfseiningum og rík áhersla er lögð á að starfsmenn geti haft áhrif á vinnuumhverfi sitt og að skapa traust. Velliðan starfs- manna skilar sér í betri þjónustu til borgarbúa og því til mikils að vinna að öllum líði vel.

Mýrargata-Geirsgata - tillaga um að falla frá stokkalausn

Til kynningar eru nú drög að breytingu á aðalskipulagi Reykja- víkur, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipu- lagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, er varð- ar breytt skipulag Mýrargötu og Geirsgötu. Drög að aðalskipulags- breytingu var kynnt á íbúafundi þann 16. maí sl. Í tilkynningunni felst m.a. að falla frá stokka- lausn sem verið hefur mjög til umræðu um langan tíma og eins breytingar á gatnamótum Geirs- götu og Kalkofnsvegar. Hvað þá? Fróðlegt er að fylgjast með þróun þessa máls, ekki síst fyrir Vesturbæinga.

Styrkur til Ungmennaráðs Miðborgar og Hlíða

Ungmennaráð Miðborgar og Hlíða fékk styrk frá Evrópu unga fólksins til að gera myndband- ið „Einelti er ekkert grín” árið 2010. Myndbandinu var dreift í alla grunnskóla á landinu og hef- ur verið nýtt í kennslu við góðar

undirtektir. Evrópa unga fólksins veitti fyrirmyndaverkefnum síð-ustu ára viðurkenningu fyrir að hafa nýtt styrk sinn til að hafa áhrif og virkja ungt fólk á Íslandi og var myndaband ungmenna- ráðsins eitt af þeim verkefnum sem fékk viðurkenningu sem fyr- irmyndarverkefni. Þau eru lögð af stað með nýtt verkefni sem þau fengu styrkt frá Evrópu unga fólksins og verður það einnig nýtt í kennslu í grunnskólum landsins.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun hefur lokið skoðun á viðskiptum lykilstarfs- manna, kjörinna fulltrúa og teng- dra aðila á árunum 2002–2011. Skoðunin kom til í framhaldi af könnun úttektaarnefndar borg- arstjórnar og fólst í að kanna umfang og eðli viðskiptanna og hvort þau hafi átt sér stað á því tímabili sem stjórnendur eða borgarfulltrúar voru starfandi, m.a. á grundvelli fyrirliggjandi gagna frá úttektaarnefndinni. Far- ið var yfir gögn úttektaarnefndar og leitað nánari skýringa á við- skiptum þar sem þess gerðist þörf. Langstærstur hluti heild- arviðskiptanna fólst í greiðslum til B-hluta félaga og hlutdeildar- félaga, aðallega styrkja og opin- berra framlaga eða leigugreiðslna skv. fyrirliggjandi samningum sem samþykktir hafa verið í borg- arráði. Snertiflötur var í sex tilvik- um og voru þau tekin til nánari skoðunar og fylgni könnuð við innkaupaferla. Þau reyndust öll innan heimilda innkaupareglna.

Afbrotatölfræði LRH - 337 þjófnaðir í maí

Afbrotatölfræði lögreglustjórn- ans á höfuðborgarsvæðinu fyrir maímánuð 2013 hefur verið birt. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um þau tilteknu brot sem tilgreind eru í stefnu LRH og hafa verið tilkynnt til lögreglu. Fjallað er um þróunina það sem af er ári og á síðustu 13 mánuð- um auk þess sem sjónum er beint að þróuninni á svæðum emb- ættisins. Fimmtungsfækkun er á innbrotum samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Þjófnuðum hefur fækkað almennt um 6% og þá hefur eignasþjöllum fækkað um 14%. Fjöldi ofbeldisbrota hef- ur breyst lítið. Tilkynnt var um 337 þjófnaði í maí sem er nokkur fækkun frá síðasta mánuði. Fjöld- inn er jafnframt minni en á sama tíma á síðasta ári. Tilkynningum um innbrot, hnúpl, þjófnaði á eldsneyti og gsm sínum fækk- aði, á meðan tilkynningum um þjófnaði á skráningarmerkjum og bensíni fjölgaði. Hnúpltilkynn- ingar voru tvöfalt fleiri í mars- mánuði. Fjöldi tilkynninga um reiðhjólþjófnaði stóðu í stað, en jafnan hefur verið nokkur stig- andi í reiðhjólþjófnuðum í maí og hefur fjöldi tilkynninga yfirleitt náð hámarki um mitt sumar.

Nauthólsvík vöktuð allan ársins hring

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vaktar vatnsgæði strandsjávar í Reykjavík og fer sýnataka fram ár hvert frá apríl til október. Sýna- tókustaðir eru ellefu talsins frá Kjalarnesi yfir í Nauthólsvík og eru valdir með tilliti til útvist- ar. Nauthólsvík er vöktuð all- an ársins hring vegna sjóbaða.

Skráð er hitastig, veðurfarsþætt- ir, sjávarstaða og tekin sýni til saurgerlamælinga. Niðurstöður úr sýnatöku fyrir saurgerla eru bornar saman við umhverfismörk í reglugerð um varnir gegn meng- un vatns nr. 796/1999. Heilbrigð- iseftirlitið tekur í ár að auki sýni, í samvinnu við Hafrannsóknar- stofnun, til mælinga á næringar- efnum í strandsjó. Niðurstöður í apríl og maí eru góðar og hafa verið innan marka reglugerðar að undanskilinni mælingu á Ægi- síðu í apríl en á þeim fór fram endunýjun á dælum í fráveitu- dælustöðinni við Hafnarbraut í Kópavogi .

Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á deiliskipulagi

Að lokinni hagsmunaaðila- kynningu er lögð fram að nýju lýsing á undi umhverfis- og skipulagsráðs vegna deiliskipu- lags Vesturbugtar dags. 1. októ- ber 2012. Skipulag Vesturbugtar afmarkast af Ananaustum í vestri og að Slippnum í austri. Einnig eru kynnt drög að deiliskipulagi svæðisins samkvæmt upprætti ALARK arkitekta ehf. dags. 6. maí 2013. Tillagan var hagsmunaað- ilakynnt til og með 30. maí 2013. Eftirtaldir aðilar sendu ábend- ingu og athugasemdir: Sigurður Bjarnason og Ragnheiður Guð- jónsdóttir Birgir Þ. Jóhannesson, Slippurinn fasteignafélag, Setj- arnarnesbær, Óliúðreifing, Gest- ur Guðjónsson, Nótt Thorberg, Samskip Ingi Þór Hermannsson, Sigurjón H. Ingólfsson, Sæmund- ur Benediktsson og Margrét Jóns- dóttir, Skúli Magnússon og Vega- gerðin. Kynning fór fram á sam- antekt athugasemda og ábend- inga sem bárust við hagsmunaað- ilakynningu.

Grenndarkynning vegna breytinga að Víðimel 62

Á fundi byggingafulltrúa fyrir skemmstu sækir Ari Ingimund- arson, Víðimel 62, um leyfi til að hækka ris, byggja tvo kvisti og svalir á fjölbýlishús á lóð nr. 62 við Víðimel. Afgreiðslu var frestað og vísað til athuga- semda á umsóknarblaði. Mál- inu síðan vísað til skipulags- fulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.





HÖFUM OPNAÐ HEILSUHOF Á SELTJARNARNESI

Suðurströnd 10 (fyrir neðan sundlaugina)



Systrasamlagið er kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál.

Opið

Virka daga	8 - 18
Laugardaga	10 - 16

www.facebook.com/Systrasamlagid



Íslensk myndlist leigðu og eigðu

Í Artóteki Borgarbókasafns er hægt að leigja og/eða kaupa listaverk eftir íslenska myndlistarmenn.

Greiðsla á mánuði er 1.000 – 10.000 kr.

Listaverkin má leigja þar til þau eru að fullu greidd eða ljúka greiðslu fyrr og dregst þá frá greidd leiga.

Myndir og upplýsingar eru á www.artotek.is

ARTOTEK

Borgarbókasafn Reykjavíkur
Tryggvagötu 15
sími 411 6100
artotek@borgarbokasafn.is
www.artotek.is



Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Gleðilegt sumar með Garðatunnnunni!

Helstu kostir Garðatunnnunnar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losað á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámaþjónustunni hf.

Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltnu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltuna og kurlað má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægu gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“

Seljum og sendum moltnu og kurl til fagaðila og annarra stórnotenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnnan.is“

Gárdatunnnan.is

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Alltaf að kljást við birtuna

„Ég er fædd í Reykholtaldalnum í Borgarfirði en hef búið hér í Vesturbænum síðustu ár, en þaðan á ég ættir að rekja“ segir Helga Magnúsdóttir myndlistarmaður þegar tíðindamaður hefur komið sér fyrir í stofu á fallegu heimili hennar við Sólvallagötuna í Vesturbæ Reykjavíkur en Helga spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Helga hóf snemma að teikna og mála en var komin á fertugsaldur þegar hún ákvað að gefa listamanninum flugið og hóf nám í myndlist. Hún brautskráðist úr málaraeild Myndlista- og handíðaskólans vorið 1989 og frá þeim tíma hefur hún verið mjög virk í listsköpun sinni. Haldið fjölda sýninga og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Helga hefur búið að hluta í Grikklandi undanfarin ár þar sem hún hefur fangað umhverfið einkum birtuna og flutt inn í verk sín. Segja má að túlkun hennar á áhrifum birtunnar sé meginstefið í mörgum verka hennar. Anna Hjartardóttir dóttir Helgu og einkabarn kemur inn í stofuna. Hún er í fríi hér heima en starfar hjá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og hefur farið vítt um heim, einkum þann sem fjær er okkur, í tengslum við verkefni sín. Það eru greinilega sterk tengsl á milli mæðganna.

Helga afsakar að hafa ekki grískt kaffi við höndina en tekur fram expressó kaffikönnu sem er notuð á meðal margra Evrópubúa en hefur aldrei orðið almenningseign hér á landi. Ef til vill vegna þess að betra er að nota hana yfir gasloga en rafmagnsplötu. Svo vikur sögunni til Borgarfjarðar og Vesturbæjarins í Reykjavík. „Foreldrar mínir bjuggu fyrstu árin í Reykholtaldalnum. Þau stunduðu garðyrkju og voru frumkvöðlar í ræktun matjurta hér á landi. Faðir minn Magnús Jóhannesson var annars Vesturbæingur. Hann var fæddur á Bræðraborgastíg 15 og ólst þar upp. Hann var alltaf mikill Vesturbæingur í sér og þekkti þennan bæjarhluta út og inn. Hann kunni margar uppátækjasögur af krökkum og ungmennum sem voru að alast upp í Vesturbænum á sama tíma og hann og hann sagði okkur krökkunum oft skemmtisögur af uppátækjum þess.“ Á þeim tíma skipti „Lækurinn“ eða Lækjargatan bæjarhlutum með áberandi hætti og skilin voru skarpari á milli vesturs og austurs. Vesturbærinn var sérstakt samfélag en austrið tók við fyrir austan Lækjargötuna. Föðurfóreltrar mínir þau Dóróthea Þórarinsdóttir og Jóhannes Magnússon voru með búskap og útgerð á Bræðraborgarstígnum eins og nokkuð algengt var í Vesturbænum á þeirra tíð einkum í þeim hlutanum sem næst var sjónum. Nei - húsið þeirra er ekki lengur við Bræðraborgarstíginn fyrst þú spyrð. Það var tekið af grunninum fyrir allmörgum árum og flutt til Hafnarfjarðar.“

Af Arnardalsætt

„Móðir mín Sigurborg Ágústa Þorleifs-dóttir er vestfiskar ættar. Af Arnardalsætt. Hún er 94 ára og hefur búið undanfarin ár í þjónustuíbúð við Aflagrandu og því löngu orðin Vesturbæingur. Þaðan kemur vestfirska blóðið sem er í okkur systrum. Hún ólst upp á Akranesi og þar kynntist hún föður mínum. Þannig var að hún var matráðskona hjá Haraldi Á. Sigurðssyni leikara en hann og faðir minn stunduðu saman refarækt. Haraldur Á. var giftur systur pabba og þannig urðu tengsl þeirra til. Refaræktin var nýjung á þessum tíma.



Helga við eina af myndum sínum þar sem hún túlkar birtu við fjöruborð. Mynd: Anna.

Hún lagðist af en var tekin upp löngu síðar eins og kunnugt er. En þarna á búskaparárunum hófst ástarævintýri foreldra minna sem skilaði alls fimm stúlkum í heiminn, en pabbi átti son fyrir. Haraldur átti Litlu Drageyri og ég man að við fórum stundum í heimsókn þangað. Hann er eftirminnileg persóna, var þéttur á velli og setti svip á samtímann.“

Svo kúventi ég lífi mínu

„Ég fór þessa hefðbundnu leið í skóla. Fyrst í Reykholt og þaðan lá leiðin til Reykjavíkur. Ég lauk þó ekki framhaldsskólanum þá strax heldur fór um tíma vestur um haf og dvaldi í Bandaríkjunum um nokkurt skeið. Síðan dvaldist ég í Þýskalandi í rúmt ár. Eftir heimkomuna tók ég námsþráðinn upp að nýju. Fór í öldunga-deildina við Menntaskólann við Hamrahlíð jafnhliða því að stunda nám í geislafræði.“ Helga segir að þarna hafi praktíski hlutinn í sér verið að störfum en löngunin hafi alltaf staðið í aðra átt. „Ég byrjaði snemma að

teikna og mála en hafði einkum sinnt því sem áhugamáli. Ég hafði sótt nokkur nám-skeið í myndlist meðal annars hjá Hring Jóhannessyni listmálara og numið skúlpúr í Myndlistarskólanum í Reykjavík. En svo kúventi ég lífi mínu. Ég ákvað að láta eftir mér að fara í myndlistina. Ég sótti um inngöngu í Myndlista- og Handíðaskólann. Ég útskrifaðist síðan úr málaraeildinni 1989. Eftir það varð ekki aftur snúið.“ Helga hvarf þó ekki alveg frá geislafræðinni. „Nei – ég gerði það ekki. Störf geislafræðingsins og myndlistarmannsins svo ólík sem þau eru fara ágætlega saman. Og þessi tvískipting hefur hjálpað mér mikið. Maður lifir yfirleitt ekki af listinni einni saman og geislafræðin hefur verið hluti af lífibrauðinu.“ Helga segir að þessi áhugi komi oft snemma fram hjá fólki. „Þannig var farið með mig. Myndlistaráhuginn hefur búið í mér frá æsku en lengi vel var draumurinn um að fara í myndlistarskóla og helga líf mitt listinni fjarlægur. Það má ef til vill segja að þessi tvískipting sem ég valdi hafi gert þennan draum að veruleika.“

Annað heimili á Sínos

Helga hefur verið með annan fótinn á Grikklandi undanfarin ár. Búið þar hluta úr árinu og starfað að myndlistinni. „Ég fór fyrst til Grikklands 1995. Grikkland hafði lengi blundað í mér. Sagan heillaði mig og mig langaði til þess að kynnst landinu af eigin raun. Ég fór fyrst þangað sem ferðamaður til þess að skoða mig um. Ég heillaðist af landinu og fór í framhaldi þess að leita mér að stað þar sem ég gæti búið um tíma. Ég fór að lesa mér til um grísku eyjarnar og þá fann ég Sínos. Mér leist strax vel á það sem ég las um eyjuna. Ég hafði samband við Sigurð A. Magnússon, rithöfund en hann þekkir þetta umhverfi betur en flestir Íslendingar. Hann benti mér strax á að Sínos væri góður kostur, að ferðamannaíðnaðurinn væri ekki búinn að heltaka hana eins og margar aðrar grískar eyjar. Þetta varð til þess að ég fann mér hýbýli á Sínos.

Þótt nútíminn hafi haldið innreið sína þarna er alla breiddina að finna. Allt frá því frumstæða til þess allra nýjasta. Sínos er einnig þekkt fyrir hversu fólk nær háum aldri. Þarna eru karlar á tíunda tugnum og léttir upp á fótinn. Næstum eins og tán-ingar. Ég reyndi að vera niður frá á vorin og haustin en hér heima um sumar og vetur og vann þá á Borgarspítalanum. Var svo heppin að geta gripið inn í vinnu fyrir Gunnar Sigurðsson prófessor. Ég var líka með góða vinnuaðstöðu á Sínos. Sínos hefur verið mitt annað heimili og þarna hef ég unnið stöðugt að myndlistinni og haldið sýningar þar og í Aþenu.“

Agaður og heill málari

Helga tekur fram nokkrar myndir sem hún hefur verið að vinna að. Grikklandsáhrifin eru augljós. Kyrrðin er allsráðandi og ströndin og hin hvítu segl á skútunum bera við sjóndeildarhringinn. Ef litið er á vefsíðu Helgu www.helgama.is má sjá yfirlit um feril hennar og einnig myndir af verkum frá ýmsum tímum. Hún hefur einnig hlotið lofsamlega dóma fyrir verk sín eins og hér má sjá en þessi umsögn er tekin úr grein eftir Braga Ásgeirsson um sýningu sem Helga hélt fyrir allnokkrum árum.

„Birtuskilin eru með sanni fjölbætt og iðulega stórkostleg á Íslandi og verðugt verkefni fyrir myndlistarmann auk þess að vera myndefni sem seint tæmist.“

Helga kemur fram sem mjög agaður og heill málari og er augljóst að hún býr yfir góðum hæfileikum og viljafestu til að þroska þá. En einhvern veginn njóta þessi verk hennar sín ekki eins vel í FÍM-salnum og þau sem hún sýndi í Hafnarborg og er það sennilega vegna þess að lýsingin kemur þar úr mörgum áttum, sem er ekki það æskilegasta fyrir þessa tegund málverka. En allt um það þá staðfestir Helga með þessari sýningu að það býr drjúgur málari í henni sem mikils má vænta af í framtíðinni. Helga er nú með vinnustofu í Súðarvogi 3 á vegum Sambands Íslenskra myndlistarmanna. En áhugi hennar á Grikklandi hefur ekkert minnkað nema að síður sé.

„Nú hef ég ekki farið til Grikklands um tíma og draumurinn er að fara þangað með haustinu. Ég er mikið að vinna með birtu og einfaldleika í verkum mínum, bæði fallegu birtuna hér heima á Íslandi, og svo hlýju birtuna á Suðurslóðum. Að kljást við þessar andstæður hefur lengi verið mér hugleikið, svo og andstæður forma og lita,“ segir Helga

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

✓

TÉKKLAND

Bifreiðaskoðun

Borgartún

Holtagarðar

Reykjavíkurvegur

Akureyri

Sími 414 9900

tekkland@tekkland.is

www.tekkland.is

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

Hjólaborgin blómstrar í sumar:

Hjólastígur lagður á þessu ári við Hofsvallagötu

Frelsi, sveigjanleiki og tíma- og peningasparnaður er fremur tengt við reiðhjól en einkabíla um þessar mundir í Reykjavík. Aðstaða til hjólræða hefur stórbætnað á síðustu árum og það nýjasta er hjólateljari sem veitir gagngóðar upplýsingar á Suðurlandsbrautinni. Flestar bílferðir í Reykjavík eru stuttar en þær kosta oft tíma því finna þarf bíla-stæði, bíða á ljósum og jafnvel koma við á bensinstöð. Sá sem hjólar þessar stuttu leiðir kemst aftur á móti 5 km á 15 mínútum, oft í góðu veðri.

„Reykjavíkurborg vill vera til fyrirmyndar hér á landi um eflingu hjólræða og hefur því unnið markvisst undanfarin ár að gerð hjólræðastíga með hliðsjón af þekktum hjólaborgum í Danmörku, Hollandi og Þýskalandi,” segir Pálmi Freyr Randversson borgarhönnuður hjá Reykjavíkurborg. Góðum hjólastígum hefur fjölgað mikið og má nefna sem dæmi tvöföldun stígakerfis á Ægisíðu, í Fossvogi og Suðurlandsbraut yfir Elliðaárósa og yfir í Grafarvog og þaðan áfram í Mosfellsbæ.

Langur listi er á framkvæmdalista þetta árið og á því næsta og getur hjólræðafólk og aðrir skyggnst inn í framtíðina með því að hjóla- eða ganga stígana á Suðurlandsbraut. Þar eru m.a. sérstök umferðarljós fyrir hjól og hjólateljarinn áður nefndi. Allt gert til að hvetja til hjólræða í borginni og tryggja öryggi og gæði þessa ferðamáta. Rekja má áhersluna á að gera Reykjavík að hjólaborg til þess að vinna hófst við hjólræðaaætlun árið 2008 sem var samþykkt árið 2010 og er nú ein af stefnunum sem tekið er mið af í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hjólræðar og aðalskipulagið

Hjólræðar eru hátt skrifaðar í nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar sem nú er í auglýsingu, enda falla þær vel að helstu markmiðum um þéttingu byggðar og vistvænar samgöngur ásamt því að hjálpa til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nefna má framkvæmdir og hönnun hjólastíga á þessu á ári eða því næsta, í Borgartúni, Sæmundargötu, Hverfisgötu, á Hofsvallagötu

og Úlfarsfellsveg, brýr yfir Elliðaárósa, Elliðaárdal við Breiðholtiðsbraut og við Norðlingaholt ofl. Síðastliðin 4 ár hefur hjólræðafólk verið talið á völdum stöðum og

má fullyrða að fjöldinn á hjólum hafi þrefaldast. Nú hefur verið ákveðið að auka þessar talningar á nokkrum stöðum í borginni til að safna upplýsingum.



Séð eftir Hofsvallagötu.

sunquick®

á sumarverði
í næstu verslun

Enginn viðbættur sykur

C-vítamín ríkur

Engin litarefni

50% ávaxtasafi



40 glös af sólríkum og svalandi ávaxtadjús úr einni flösku

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



10, 30 og 100 stk pakking fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Actavis

Melaskóli vann Vesturbæjarbiskupinn



Framtíðarskákmennt að tafla á Vesturbæjarbiskupnum.

Vesturbæjarbiskupinn, sem er skákmót fyrir grunnskóla í Vesturbænum, var haldið föstudaginn 24. maí sl., en það var Þjónustumiðstöð Vesturbæjar í samstarfi við Skákakademíu Reykjavíkur sem stóðu að skipulagningu þessa móts.

Fjöldmargir keppendur mættu til leiks. Nokkrir keppendur annars staðar frá komu líka og var það góð viðbót við góðan keppnis-

hóp. Keppt var í þremur flokkum þ.e. 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og að lokum 8.-10. bekkur. Að auki var keppt um farandbikar, en þau verðlaun fær sá skóli sem sendir flesta keppendur. Að þessu sinni var það Melaskóli sem bar sigur úr þítum að þessu sinni. Stefnt er að því að vera með þetta mót árlega úr þessu í maí. Gefandi verðlauna var Melabúðin.

Myndlistaskólinn í Reykjavík:

Brautskráði sína fyrstu stúdenta



Ingibjörg Jóhannsdóttir skólstjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, Ingibjörg S. Guðmundsdóttir skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík og nýstúdentarnir Helga Friðriksdóttir, Ottó Ólafur Ottósson, Brynjúlfur Þorsteinsson, Kristjana Margrét Guðmundsdóttir, Hrefna Hörn Leifsdóttir, Anna Ragnhildur Karlsdóttir, Óskar Gísli Petzet og Magna Rún Rúnarsdóttir.

Í lok maímánaðar brautskráði Myndlistaskólinn í Reykjavík, sem er við Hringbraut, 9 stúdenta, þá fyrstu í 66 ára sögu skólans. Nemendurnir hafa undanfarnir tvö ár stundað undirbúningsnám í myndlist, hönnun, listasögu og menningarläsi við sjónlistadeild.

Við deildina eru kennd fög á borð við teikningu, litafræði, formfræði og margmiðlun og kjarnafögin íslenska, enska og stærðfræði sem kennd eru útfrá

sjónarhóli lista. Frá árinu 2000 hefur Myndlistaskólinn starfrækt námsleiðina myndlista- og hönnunarsvið sem var eins árs undirbúningsnám, en deildin rann saman við sjónlistadeild árið 2012. Námsleiðir við deildina eru nú tvær, annars vegar eins árs undirbúningsnám í sjónlistum fyrir þá nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og hinsvegar tveggja ára nám sem leiðir til stúdentsprófs. Samtals luku því 38 nemendur námi við deildina á föstudaginn við hátíðlega athöfn í Þjóðminjasafninu. Yfir 80% þeirra útskriftarnema sem luku námi við deildina í vor og sóttust eftir skólavist hafa hlotið inngöngu í listaháskóla hérlandis, í Rietveld í Amsterdam og KABK í Den Haag í Hollandi, í Weissensee í Berlín og í Milánó á Ítalíu. Við sameiningu sjónlistadeildar og myndlista- og hönnunarsviðs ljúka nú fleiri námi árlega við deildina en áður og er ánægjulegt að sjá að á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem sækjast eftir áframhaldandi námi og fá boð um skólavist aukist.

Sjónlistadeild stofnuð í kjölfar nýrrar námsskrár

Sjónlistadeild var stofnuð í kjölfar nýrrar námsskrár sem tók gildi árið 2008, en með möguleiki

fyrir skólana að auka sérhæfingu. Að þróunarvinnunni kom hópur sjálfstæðra sérfræðinga, lista- og fræðimanna og aðilar frá Lista-háskóla Íslands og Fjölbauta-skólans í Garðabæ. Við deildina eru listræn fög og kjarnafögin íslenska, enska og stærðfræði kennd í samhengi hvort við annað, með það að markmiði að auka dýpt á hvoru sviði fyrir sig og kanna áhugaverða skurðarpunkta á milli faga. Þannig hefur stærðfræði verið kennd í tengslum við m.a. arkitektúr, tíma og stjörnufræði og hafa myndlistarmenn, arkitektar og vísindamenn komið að kennslunni. Íslenskukennslan hefur lagt áherslu á greiningarvinnu og skapandi skrif, en Þorvaldur Þorsteinsson heitinn vann að þróun íslensku náms deildarinnar og kenndi íslensku síðastliðin tvö ár. Nemendur hans unnu margvísleg verkefni á borð við ljóð, örsögur og gjörninga, með það fyrir augum að opna huga nemenda gagnvart tungumálinu sem verkfæri, og einn hluta af mörgum miðlum í listsköpun. Myndlistaskólinn hefur átt í farsælu samstarfi við Kvennaskólann í Reykjavík við uppbyggingu námsins, og vottar hann kennslu í kjarnagreinum.

B. Markan ehf. Pípulagnir

660 6690 • 544 8611

lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár

Meistaraábyrgð og 50 ára ending

www.bmarkan.is

A hjálparmennum 1717

starfa sérþjálfaðir

síðfóðabílar sem

eru alltaf

til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis

Rauði kross Íslands

SUMARHÚS OG FERÐALÖG

Sólarrafhlöður og fylgihlutir. 10-125w

Gas-eldavélur

Gas-hellur

Led-ljós = minni eyðsla

Gas-kælikápar 100 og 180 lítra

Gas-vatnshitavar 5 - 14 l/mín

Sólarrafhlöður fyrir húsbíla og fellihýsi. Þunnar 130w

Gas-ofnar

Gas-kælibox gas/12v/230v

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Gleðilegt sumar!

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • skorri.is • Ópið virka daga frá kl. 8.15 til 17.30

Breytingar á umferð í og við Njarðargötu, Bergstaðastræti og Suðurgötu

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 12. júní sl. að bannað verði að leggja bílum við suðurkant Njarðargötu frá Þórsgötu að Eiríksgötu. Tillagan er komin fram eftir ábendingu frá lögreglunni.

Bífreiðum sem lagt er á umræddum stað þrengja að Njarðargötu sem er í kröppum boga og hindra jafnframt útsýni ökumanna til bíla sem koma upp Njarðargötuna. Nefna má að um gatnamót Njarðargötu og Eiríksgötu fer hópur barna á leið til



Séð eftir Suðurgötunni.

Sirkushátíð hefst í Vatnsmýrinni í byrjun júlí

Sirkushátíð verður í Vatnsmýrinni frá 4. til 14. júlí nk. Cirkus Cirkör mun sýna „Wear it lika á Crown” í Borgarleikhúsinu.

Boðið verður upp á kabarett í Vatnsmýrinni, sirkusnámskeið fyrir börn og unglinga, sex sirkustjöld verða sett upp með magnaðar sirkussýningar fyrir alla fjölskylduna, þarna verður kaffihús, götuleikhús, tónleikar, miðnæturkabarett og skeggjaða konan kemur fram. Það eru Norræna húsið og Cirkus Xanti sem kynna þessa fjölbreyttu dagskrá.



Tjaldborgin er að rísa.

Austurbæjarskóla. Bílum sem lagt er nærri gatnamótunum mynda því blindhorn þar sem börn eiga leið um. Þá samþykkti ráðið að einstefna verði á Bergstaðastræti til norðurs frá Skólavörðustíg að Laugavegi. Báðar þessar samþykktir eru gerðar með fyrirvara um samþykkt lögreglustjóra Höf-

uðborgarsvæðisins.

Umhverfis- og skipulagsráðráði vísaði tillögu um að girðing á miðeyju á Suðurgötu verði fjarlægð frá Melatorgi að Hjarðarhaga, til skoðunar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Reikna má með afgreiðslu málsins áður en skólar hefjast í ágústmánuði.

MIKLABORG

Vantar rúmgott einbýlishús í Vestubænum

Fasteignasölunni Mikluborg hefur verið falið að leita að einbýlishúsi í vestubænum eða Skerjafirði fyrir ákveðinn kaupanda Verðhugmyndir 90-120 millj. Um er að ræða sterkar greiðslur og rúman afhendingartíma fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: : 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Vesturbæjarblaðið

Sími: 511 11 88

LANDSLÖG

SLYSABÆTUR

TRAUST INNHEIMTA SLYSABÓTA FRÁ 1971

Við könnum málið - það kostar ekkert

Hjá Landslögum starfa 20 lögmenn.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Styrmir Gunnarsson hdl. og Sveinbjörn Claessen hdl. leiða skaðabótadeild stofunnar.

LANDSLÖG

Nýtt skipulag fyrir Vesturbæinn og Slippasvæðið

- rússnesk Réttrúnaðarkirkja verður einkenni gamla Vesturbæjarins

Kynning á tillögu að nýju deiliskipulagi Vesturbugar við Gömlu höfnina, breyttu deiliskipulagi Nýlendureits ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrargötu fór fram þann 16. maí sl. í Vikinni, Sjóminjasafni. Vel hefði farið á að hefja umræddan fund á því að biðja íbúa afsökunar á hvernig gildandi deiliskipulag var keyrt í gegn á árunum 2005-2007 þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir frá íbúum. Á árunum eftir hrun hefur smám saman verið undið ofan af því skipulagi og menn séð betur og betur hversu slæmt það var. Áfram er þó haldið með 7 hæða „nýtingarhlutfallsferlíki“ við Mýrargötu 26 (gamla Hraðfrystistöðin) sem er í hrópandi ósamræmi við umhverfið. Hvorki menn né álfar hafa geta fengið það endurskoðað. Tíminn sem leið á meðan framkvæmdir lágu niðri og peningaöflin í dvala reyndist samt dýrmætur, umhverfið fékk að þróast í friði og skipulagsfræðingar og yfirvöld sáu loks ljósglatu. Jákvað útkoman blasir við, Hótel Marina, áframhaldandi starfsemi í slippnum, verbúðirnar ofl.

Nú á hins vegar að halda áfram þar sem frá var horfið, ljúka við Nýlendureit og þróa áfram fjögur hafnarhverfi sem fá nöfnin Vesturbugt, Suðurbugt, Miðbakki og Austubakki. Byrjað verður á Vesturbugt sem er vestast og næst Sjóminjasafninu Vikinni. Skipulagsyfirlöng vonast til að allir verði sáttir og hægt verði að halda áfram með hin þrjú hverfin í kjölfarið. Hluti af Vesturbugt er reyndar nú þegar í uppbyggingu og má um þessar mundir fylgjast með 6. og 7. hæðinni bætast ofan á Mýrargötu 26. Miðað við „sjökk-ið“ frá kynningu deiluskipulaga fyrir sömu svæði á árunum 2005-2007 er mörgum létt við að heyra lýsingu sem þessa:

„Götur eru hafðar fremur þröngar, eins í Grjótaþorpinu, og inn á milli húsanna eru lítil torg. Húsin eru stölluð og höfð í klassískum reykvískum skala. Þau eru ein til fimm hæðir.“

Hér er þó ekki allt sem sýnist frekar en venjan er í skipulagsmálum.

Nýtt deiliskipulag Vesturbugar við Gömlu höfnina

Í skipulaginu er gert ráð fyrir reitum með 3–5 hæða byggingum og verslunum á jarðhæð. Á fundinum 16. maí sl. komu fram áhyggjur íbúa vegna hæðar húsa (tiltölulega mikið fer í 5 hæðir) og byggðamynsturs. Spurt var hvers vegna ekki væri tekið mið af húsum við Ránargötu, Vesturgötu og Nýlendugötu sem eru almennt tvær hæðir og ris? Í svörum varaformanns skipulagsráðs, Hjálmars Sveinssonar, er Netagerðin (Foréttabarin) við Nýlendugötu 14 tekin sem dæmi um hús sem eigi að miða við en það vill einmitt svo til að Netagerðin er með hæstu húsum við Nýlendugötuna.

Þá var spurt hvaðan kvöðin um svo mikið byggingamagn kæmi og hvort gróðasjónarmiðin væru orðin allsráðandi í skipulagsmálum eina ferðina enn? Ennfremur má spyrja hvort hætta sé á að ný byggð myndi vegg milli gamla hverfisins og sjávar samanber dæmin við Skúlagötu, Eiðisgranda og víðar? Væri ekki nær að leyfa Bakkastíg, Bræðraborgarstíg og Brunnstíg að halda áfram niður að sjó og leggja áherslu á mannlegan skala? Væri ekki nær að leyfa byggðinni að fylgja hallanum í landslaginu en „rétta hann af“ með byggingum sem hækka þegar nær dregur sjávarmálinu? Hvað með veðrið, blessaða norðanáttina og skuggavarpíð? Hratt var farið yfir sögu á fundinum og staðfest að einhverja klukkutíma á ári yrði allt hverfið baðað sólskini. Verslun og þjónusta á jarðhæð getur orðið skemmtileg og auðgað og glætt mannlíf. En hvernig væri að taka fyrst púlsinn á verslunarrýmum sem fyrir eru á jarðhæðum svæðisins? Fjölmörg hafa verið að brennast í íbúðir eða eru nýtt á annan hátt, límfilmur eða plankar fyrir gluggum sem gefa yfirbragð dauða frekar en lífs. Blönduð byggð hljómar líka vel. Áftur væri ástæða til að kanna betur stöðuna eins og hún er nú. Fasteignir eru svo dýrar að flest venjulegt fólk á erfitt með að kaupa þær og heilu göturnar breytast í gistirými fyrir ferðafólk sem við íbúarnir fögnum



Leikvöllur á Hátíð hafsins á Sjómannadaginn. Hann var hannaður af Lindu Mjöll Stefándóttir.

en viljum kannski síður að taki alveg yfir.

Ymis önnur atriði í hinu fyrirhugaða skipulagi vekja okkur til umhugsunar. Heimaræktunarsvæðið við Mýrargötu 26 gæti orðið skemmtilegt en sú spurning læðist að manni hvort það sé í raun ekki fyrst og fremst ætlað sem opið svæði fyrir aðkomu slökkviliðsbíla að blokkinni við Mýrargötu 26?

Leikskóli með leiksvæði á þaki 4. hæðar er líka hugmynd sem ólíklegt er að hefði komið frá foreldrum barna á svæðinu. Er þetta ekki einfaldlega redding til þess að komast hjá því að dýrmætt byggingarland fari undir hálfopið svæði eins og starfsemi leikskóla? Áhugavert væri að heyra skoðanir starfsfólks leikskóla á þessu.

Rússneska Réttrúnaðarkirkjan verður einkenni gamla Vesturbæjarins

Á fundinum fór Ríkharður Briem arkitekt og einn af höfundum tillagna um deiliskipulag svæðisins á síðustu árum yfir atriði sem búið er að breyta frá síðasta deiliskipulagi Nýlendureits. Hér var ýmislegt til bóta. Það vekur hins vegar ennþá áhyggjur að byggja á á gömlu Segulslóðinni 17 metra háa kirkju (23 metra háir turnar). Kirkjan mun gnæfa yfir umhverfið, mest

tveggja og þriggja hæða hús. Þessi ákvörðun kemur yfirleitt svo flatt uppá fólk að umræðan verður á gamansömum nótum, enda stinga hugmyndir að útliti mjög í stúf við umhverfið. Skipulagsyfirlöng tala um frekar „litla og snotra“ kirkju en fyrir liggur að hún verður með þremur turnum og kúplum samkvæmt hefðum rússneska rétttrúnaðarsafnaðarins. Bilastæðamál tengd kirkjunni voru líka til umræðu en íbúar á Nýlendugötu hafa sent inn athugasemdir út af því.

Reitur fyrir flutningshús á horni Seljavegs og Mýrargötu þarfnast frekari umræðu. Hvers vegna að flytja gömul hús beint á móti stærstu húsunum í hverfinu? Er líklegt að einhver hafi áhuga á því? Nær væri að gera ráð fyrir nýjum húsum, þó ekki of háum, en þannig mætti draga úr því hversu Mýrargata 26 er í mikilli andstöðu við umhverfið sitt. Maklegastar skaðabætur fyrir ofnýtingu lóðar Mýrargötu 26, væru þó að gera allt Héðinsplanið að skrudgarði og leiksvæði. Flutningshús færu hins vegar vel á Segulsreitnum eða sem framlenging af Bakkastíg og Brunnstíg norðan Mýrargötu.

3. Breyting á aðalskipulagi Mýrargötu

Engar sérstakar athugasemdir voru gerðar við þennan hluta,

enda virðast allir sammála um að setja Mýrargötuna ekki í stökk og að ekki skuli rífa hluta af verbúðunum þar sem Sægreifinn og Kaffi Haítí eru nú eða Spilhúsin við Slippinn.

Hvað næst?

Sumir halda að nú fari allt að sjóða upp úr í gamla Vesturbænum þegar kemur að skipulagsmálum. Vissulega eru íbúar vel á varðbergi, því einu gildir hver heldur um stjórnartaumana í borginni, markmið skipulagsyfirvalda virðist enn vera að fá eins mikið byggingarmagn inn á svæðið og mögulegt er. Í þessum tilgangi eru notuð hugtök eins og „þétting byggðar“, því er lýst yfir að mikilvægt sé að „sem flestum sé gefinn kostur á að búa á þessum skemmtilega stað“ og vísað til tillagna lærðra arkitekta úti í löndum. Á meðan fá raddir íbúa í Vesturbænum ekki mikið vægi.

Við íbúarnir erum búin að fá okkur fullsödd af boðum ofan frá „svona verður þetta“ og bendum enn einu sinni á að skipuleggja þarf gamalgróin hverfi í samráði við íbúa. Það er ekki hægt að líta á nýtt hverfi á Slippasvæðinu, Vesturbugt, án samhengis við nærliggjandi byggð.

Íbúasamtök Vesturbæjar munu efna til íbúafunda í ágúst nk. vegna málsins og vonast eftir því að skipulagsyfirlöng og fagaðilar sem að málinu koma taki vel á móti tillögum að breytingum í kjölfarið. Við óskum ekki eftir fleiri „með og á móti“ kynningarfundum þar sem við fáum lítil tækifæri til að bregðast við óvæntum tillögum sem kynntar eru með löngum ræðum og fallegum myndasýningum.

Áhugasamir geta fylgst með á fésbókarsíðunni „Nýbyggingar í Gamla Vesturbænum“ eða haft samband: gamlivesturbærinn@gmail.com.

Ásta Olga Magnúsdóttir, íbúi við Vesturgötu

Gísli Þór Sigbórsson, formaður Íbúasamtaka Vesturbæjar

Vésteinn Ólason, íbúi við Nýlendugötu

HÁGÆÐI.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS

100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

ÞJÓNUSTA Í HEIMABYGGÐ

BÍLANES ER MEÐ ALMENNA VIÐGERÐAÞJÓNUSTU FYRIR BIFREIÐAEIGENDUR

10% afsláttur af smurningu
Verð fyrir fólksbíl kr. 3.800
Verð fyrir jeppa kr. 4.722
Verð eru fyrir utan efniskostnað

Bílanes, Bygggördum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is

BÍLANES
VIÐGERÐIR RÉTTINGAR SPRAUTUN

Nemendur 7. bekkja Melaskóla hlutu umhverfisviðurkenningu

Í vor fengu tveir skólar viðurkenningu vegna verkefna um umhverfismál. Nemendur 7. bekkja í Melaskóla hlutu aðra þeirra fyrir leikritið „Tvær eyjar“ eftir Ivan Gantshev í leikgerð Júlíusar H. Ólafssonar kennara.

Leikritið var jölaleikrit skólans 2012. Allir nemendur árgangsins (u.þ.b. 80) komu að leikritinu með einum eða öðrum hætti. Nemendur völdu sjálfir í hvaða hópi þeir vildu vinna. Í boði var að leika (með eða án texta), spila í hljómsveit, sjá um búninga og förðun, gera leikmynd og vera sviðsmenn. Leikritið var sýnt í fjörgang á jóla-skemmtunum og að auki var foreldrasýning/„generalprufa“. List- og verkgreinakennarar og umsjónarkennarar héldu utan um vinnuna.

Árið 2007 var boðað til verkefnasamkeppninnar í fyrsta sinn. Keppnin kallast „Varðliðar umhverfisins“ en umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Landvernd



Melaskóli.

og Náttúruskóli Reykjavíkur standa að keppninni. Markmið keppninnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfis-

vernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði.



kvosin
FRSKT OG FLJÓTT



Fjölbreytt vöruúrval í verslun okkar í miðbænum


Opið alla daga

Matvöruverslun - Bakarí



kvosin
MATVÖRUMARKAÐUR
Aðalstræti 6-8 - 101 Reykjavík

kvosin
BAKARÍ * CAFÉ



Ný gleraugu

Einstök hönnun og fallegir litir
Veldu gæði og gott verð

facebook.com/linsan.is

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055



PREYTT Á AÐ EYÐA OF MIKLUM TÍMA Í AÐ REYNA AÐ TEMJA HÁRIÐ?
VILT ÞÚ SLÉTT, GLANSANDI OG "FRIZZ" LAUST HÁR
EINS OG JENNIFER ANISTON?

SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN
SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR
MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.
PANNTAÐU TÍMA Í FRÍA RÁÐGJÖF OG LEYFÐU OKKUR SÝNA
ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞIG OG ÞITT HÁR

VERTU VELKOMINN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: **56 85 305**
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 8 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13



„Allir vegir færir”

- segir Droplaug Guðnadóttir, formaður sóknarnefndar Neskirkju

Nesprestakall nær yfir byggðina í Vesturbænum sunnan Hringbrautar, frá Skerjafirði sem tilheyrir því og að mörkum Seltjarnarness. Íbúar í sókninni eru um 11 þúsund og er Nesprestakall næstfjölmennast í Reykjavík, á eftir Grafarvogsprestakalli. Nesprestakall var stofnað 1940 ásamt Laugarnes – og Hallgrímsprestaköllum. Fram að þeim tíma var Dómkirkjan sóknarkirkja allra Reykvíkinga sem tilheyrðu Þjóðkirkjunni. Var landsvæðið sem tilheyrði prestakallinu nokkuð stórt. Eða eins og stóð í lögum „liggur Nesprestakall að hinum prestaköllumum þremur og nær yfir land Reykjavíkurbæjar vestan Reykjanesbrautar, Seltjarnarnes og Engey.” Fyrsti prestur safnaðarins, sr. Jón Thorarensen, kom til starfa í byrjun ársins 1941 en núverandi sóknarprestur er sr. Örn Bárður Jónsson. Kirkjan var vígð á pálmásunnudag 1957.

Nýlega var Droplaug Guðnadóttir kjörin formaður sóknarnefndar. Droplaug er uppalin á Vopnafirði en kemur alkomin til Reykjavíkur um tvítugsaldurinn, með nokkrum hléum en hún hefur ásamt fjölskyldunni einnig dvalið erlendis, m.a. í þrjú ár í Frakklandi meðan eiginmaðurinn, dr. Kristján Geirsson, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun, var við jarðfræðinám í Frakklandi. Þau eiga fjögur börn. Droplaug stundaði nám í landafræði og uppeldis- og kennslu-

fræði við Háskóla Íslands og er auk þess menntaður sjúkraliði. Hefur síðustu 20 ár starfað að velferðamálum sem forstöðumaður hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, forstöðumaður við Félags- og þjónustumiðstöðina Aflagrandar 40 í fimmtán ár þaðan sem heimaþjónusta og stuðningsþjónusta (liðveisla, tilsjón og stuðningsforeldrar) var veitt til íbúa Vesturbæjar. Auk þessa tilheyrði starfinu starfsemi opins félagsstarfs, dagdeildar aldraðra að Þorraseli og íbúðakjarni fatlaðra í Vesturbæ. Frá 1. mars 2009 hefur Droplaug gegnt stöðu forstöðumanns þjónustuíbúða aldraðra á Dalbraut 27 og við félagsmiðstöðina Dalbraut 18-20.

„Af störfum mínum við velferðarþjónustu hef ég öðlast mikla reynslu og þekkingu af mállefnum aldraðra og þjónustu við þann aldurshóp, ásamt þjónustu við fatlaða og barnafjölskyldur. Frá unga aldri hef ég tengst starfsemi kirkjunnar, fyrst á Vopnafirði, en frá því ég flutti í Vesturbæinn árið 1994 hef ég starfað í Neskirkju. Þar hef ég verið félagi í kirkjukórnum og setið í sóknarnefnd Neskirkju frá árinu 2003, nú nýlega formaður, tók við því starfi af Benedikt Sigurðssyni.

Velferð kirkjunnar og framgangur kristinnar kirkju og þeirra gilda sem hún byggir á hafa verið mér hugleikin alla tíð. Eitt af því sem ég hef velt mikið fyrir mér er hvernig auka megí sjálfböðin störf og almenna þátttöku fólks sérstaklega ungs fólks og fólks á miðjum aldri

í starfsemi kirkjunnar. Til að svo megi verða tel ég m.a. að skapa þurfi sóknabörnum aukið hlutverk í allri starfsemi kirknanna. Gera þarf fólki kleift að taka þátt þannig að það upplifi sig sem mikilvægan en jafnframt sjálfsagðan hluta hins venjulega starfs. Það að taka þátt í starfsemi kirkjunnar í einhverri mynd ætti að vera eðlilegur þáttur í lífi fólks alla ævi,” segir Droplaug.

Fjölskyldan bjó í mörg ár á Dunhaga en árið 2004 flutti fjölskyldan sig um set út á Ægisíðu, og hefur því haldið mikla tryggð við Vesturbæinn. Áður en flutt var til Frakklands var búið um stuttan tíma á Reynimelum.”

Mikil félagsmálamanneskja

- Ertu í þessu starfi í Neskirkju af lífi og sál, ertu mjög trúuð?

„Ég er mikil félagsmálamanneskja, er í ýmslum félögum og hef verið virk í félagsmálastarfi. Er m.a. formaður í áttahagafélagi, sit í stjórn Nýrrar dögunar samtökum um sorg og sorgarviðbrögð, var í foreldraráði og í stjórn Tónskóla Vesturbæjar DoReMí þegar krakkarnir voru í grunnskóla svo eitthvað sé nefnt. Kirkju hef ég sótt síðan ég var barn austur á Vopnafirði, oft með móður minni. Ég er trúuð og trúi einlæglega á gildi kristinnar siðfræði og er ákaflega kirkjusækin. Það hefur alla tíð verið nokkuð um kirkjufólk í kringum mig amma mín var kirkjuvörður



Droplaug Guðnadóttir.

sem og föðursystir og fólkið mitt sungið í kirkjukórum.”

- Má búast við breytingum á starfi Neskirkju með nýjum formanni?

„Það held ég ekki, starfið er hefðbundnum en jafnframt góðum farvegi. Mikill tími safnaðarstjórnar nú um stundir fer í fjármálin, kirkjan hefur þurft að sæta miklum niðurskurði, meiri en margt annað í þessu þjóðfélagi. Við þurfum líka að horfa raunsætt á að það hefur fækkað töluvert í Þjóðkirkjunni og þar er verk að vinna en einnig komast í gegnum þá skafla sem minkandi fjárráð hafa skapað. En þegar maður kemur í kirkju sem er full af glöðum börnum og fullorðnum, eins og t.d. á nýlegri fjölskyldumessu, þá fyllist maður bjartsýni. Í kirkjunni fer fram gríðarlega mikið og fjölbreytt starf alla dag vikunnar ekki bara messa á sunnudögum og það er kannski ekki öllum alltaf ljóst. Barna- unglinga- og öldrunarstarf eru öflugur þáttur í starf-

seminni auk tónlistarlífs. Þá má nefna að mikill tími presta fer í að sinna verkefnum sem almenningur verður ekki endilega var við s.s. sálgæslu. Það er gæfa Neskirkju að hafa á að skipa mjög góðu fólki bæði föstum starfsmönnum og fólki í sjálfböðnu starfi. Kirkjan er inngróin í okkar menningu, er hluti af okkar daglega lífi.”

Fólkið skiptir mestu máli

- Kemst kirkjan gegnum þessar fjárhagsþrengingar sem hún býr við í dag?

„Það er ég viss um, en það er verk að vinna. Kirkjurnar fengu svolítið til baka í aukafjárlögum Alþingis vegna sóknargjalda, en betur má ef duga skal. En þó peningar séu nauðsynlegir er það fólkið sem skiptir mestu máli og hjá því liggur mikill kraftur og vilji til góðra verka fyrir samfélagið sem kirkjan er og okkur því „allir vegir færir,” segir Droplaug Guðnadóttir.

Matur og vín: Uppskrift mánaðarins

Lemonlax

Aðalréttur fyrir fjóra.

- 1 laxaflak, meðalstórt
- 1 krukk lemon mayonnaise salt
- 3 msk fersk steinselja, söxuð
- 1 msk ferskur graslaukur, saxaður
- 1 stk appelsína

Aðferð:
Skerið laxinn í steikur í sömu stærð og grillspaðinn er. Blandið saman steinselj og graslauk við lemon mayonnaise og smyrjið á laxasteikurnar. Skerið appelsínuna í sneiðar og leggið á laxasteikurnar. Grillið á roðhliðinni eingöngu, en reynið að halda grillinu eins heitu og hægt er á meðan.

Þessar tvær vintegundir henta einstaklega vel með þessum rétti.



Uppskrift mánaðarins

Höfundur uppskriftar mánaðarins er Daniel Pétur Baldursson matreiðslumaður og kjötmeistari Nóatúns. Daniel lærði til matreiðslumanns á Hilton Reykjavík Nordica og útskrifaðist þaðan árið 2009. Eftir útskrift þróaði Daniel hæfileika sína á Vocal Restaurant og fleiri stöðum. Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

NÓATÚN



Montalto Pinot Grigio frá Sikiley
- 1.699 kr.
Ljósitrónugult. Létt meðafylling, þurrt, fersk sýra. Pera, melóna, sítrus.

Gato Negro Chardonnay frá Chile
-1.550 kr.
Ljósitrónugult. Létt fylling, þurrt, fersk sýra. Ljós ávöxtur, melóna, pera.

Á sjötta hundrað börn í kassabílarallýi

Kassabílarallý Frostaskjólís fór fram fyrir nokkru. Frístundamiðstöðin Frostaskjól stóð fyrir kassabílarallýi fyrir u.þ.b. 550 börn í Vesturbæ Reykjavíkur á Ingólfstorgi.

Viðburðurinn hófst með því rúta fluttu alla að Hallgrímskirkju þaðan sem gengið er fylktu liði í lög-reglufylgd niður Skólavörðustíginn, Bankastrætið, út Austurstrætið og inn á Ingólfstorg, þar sem viðburðurinn á sér stað. Börnin höfðu smíðað og skreytt kassabíla í frístundaheimilinum sínum að vori til og kynntu þá stolt til leiks og kepptu innbyrðis á þeim



Keppnin var hörð en drengileg.



Ánægjan og keppnisandinn skein út úr hverju andliti, enda á það að vera svo.

Rúnstykki á 50 krónur Alla daga!



Opið virka daga frá 07:30 til 18:00
og um helgar frá 08:00 til 17:00

Bernhöftsbakari ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

Heilsulindir í Reykjavík

NÚ VERÐUR
OPIÐ LENGUR
Í SUMAR!

í þínu
hverfi

fyrir alla
fjölskylduna



550 kr.
Fullorðnir
130 kr.
Börn

Afgreiðslutími
1. Júní – 1. September

ÁRBÆJARLAUG

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 20:00
Helgar 9:00 – 19:00

LAUGARDALS LAUG

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 22:00
Helgar 8:00 – 22:00

BREIÐHOLTSLAUG

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 20:00
Helgar 9:00 – 19:00

SUNDHÖLLIN

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 20:00
Laugardagar 8:00 – 16:00
Sunnudagar 10:00 – 18:00

GRAFARVOGSLAUG

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 20:00
Helgar 9:00 – 19:00

KLÉBERGSLAUG

Virkir dagar 10:00 – 22:00 *
Helgar 11:00 – 17:00 *

* 8. Júní – 21. ágúst

VESTURBÆJARLAUG

Mánud.-fimmtud. 6:30 – 22:00
Föstudagar 6:30 – 20:00
Helgar 9:00 – 19:00



Laugarnar í Reykjavík



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt
& gott

ora

Ástríða í matargerð

MEXÍKÓSK SÚPA

MEÐ KJÚKLINGI



FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI Í ÚTILEGUNA

Líf og fjör á íþróttahátíð Ægisborgar

Íþróttahátíð Ægisborgar var haldin sl. mánudag. Þá hlupu börnin um hverfið og leystu þrautir í leikskólanum. Alþjóða ólympíudagurinn var sunnudaginn 23. júní sl. og voru allir minntir á kjörorð þess dags sem er að gera ávallt sitt besta og sýna vináttu og virðingu.

Hreyfingin er einn fjögurra hornsteina í starfi Ægisborgar, auk leiks, ritmálsörvunar og skapandi starfs. Dagskipulag deildanna hefur verið grandskoðað í þeim tilgangi að gefa börnunum gott tækifæri til þess að hreyfa sig.

Þegar dagskipulag deildanna var endurskoðað var sérstaklega horft til útivistar, en leikvöllurinn hentar og hvetur til hreyfingar með opnu svæði, trjám og leiktækjum. Útivist er einhver almikilvægasta leikstund barnanna í Ægisborg, vegna þess að þar auka þau við heilbrigði og hreysti. Skipst er um notkun á sal Ægisborgar og fer þar fram hvort tveggja frjáls hreyfing og skipulögð. Viðbótin við hið daglega líf í Ægisborg eru svo ferðir í KR-heimilið í Frostaskjóli með þrjá elstu árganganna. Þar eru elstu tveir árgangarnir tvisvar í viku og ástunda skipulagða hreyfingu í risastórum íþróttasal. Það er von forsvarsmanna Ægisborgar og vissa að með því að skapa börnunum gott tækifæri til þess að hreyfa sig eflist þau í hvívetna og verði færari um að glíma við önnur verkefni hversdagsins.



Hlaupið, og hvatningin bara tóm gleði!

Spámaður í
eigin föðurlandi:
spáir.

Sími: 867 7105

Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs

- leiðrétting

Í frétt sem birtist í VESTURBÆJAR-BLAÐINU í maí er greint frá afhendingu Hvatningarverðlauna á vegum Skóla- og frístundaráðs en athöfn var haldin í Ráðhúsinu mánudaginn 13. maí. Leikskólinn Sæborg fékk þar viðurkenningu fyrir verkefnið Okkas Sæborg. Sigrún Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi og verkefnastjóri, segir að þau leiðu mistök urðu að heiti verkefnisins var kynnt sem

Okkar Sæborg en á að vera Okkas Sæborg en það segja börnin þegar þau tala um leikskólann sinn og það er heitið á verkefninu. „Einnig vil ég leiðrétta, að í texta með fréttinni í Vesturbæjarblaðinu segir m.a. „Verkið er unnið í Listaháskóla Íslands og það er unun að fylgjast með..... sem er ekki alveg rétt orðað.“ Í texta sem lesin var upp við athöfnina þegar tilkynnt var að Sæborg hefði hlotið viðurkenningu segir; Verkið er unnið með Listaháskóla Íslands og það er

unun að fylgjast með..... Það er heldur ekki rétt túlkun, það sanna er að Listaháskólinn kom hvergi nærri þessu verkefni. Daði Guðbjörnsson listamaður var verkefnastjóri að verkefninu og var ekki í vinnu hjá Listaháskólanum. Verkefninu er lýst þannig í tilnefningunni sem send var dómnefnd, að verkefnið væri samþærilegt þeim verkefnum sem unnin eru í Listaháskólanum. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum,” segir Sigrún Einarsdóttir.



MIDBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Jóðlandi júlí

LANGUR LAUGARDAGUR 6. JÚLÍ

Miðborgin iðar bókstaflega af lífi og fjöri yfir hásumarið. Kátir kaupmenn standa vaktina á hverju götuhorni, gróðurinn er í blóma og sólín situr í öndvegi.

Hvort sem þú berst með tískustraumum og stefnum í **Lighthouse Village**, við efri hluta Laugavegar, spókar þig um **Sumargötturnar**, lætur bragðlaukana ráða för í **Restaurant Village** í Kvosinni, flatmagar á **Ylströnd Ingólfs** eða andar að þér ferskum vindum við **Gömlu höfnina** – þá er Miðborginn sannarlega staðurinn til að njóta sumarblíðunnar.

Laugavegur og Skólavörðustígur eru **Sumargötur** fram til 5. ágúst og lokaðar fyrir umferð bíla frá hádegi. Nýttu þér bílastæðahúsin og gakktu í bæinn.

Verum, verslum og njótum þar sem sumarhjartað slær.



WWW.MIDBORGIN.IS

Brandenburg/Teiling, Söl Hrafnadóttir

Ísbjörninn kominn á Grandagarð

Ný frystigeymsla HB Granda á Norðurgarði var vígð á sjómannadaginn og var henni gefið nafnið Ísbjörninn. Eftir var til hugmyndasamkeppni meðal starfsmanna félagsins um nafnið. Var það samdóma álit dómnefndar að nafnið væri þjált, lýsandi fyrir þá starfsemi sem fram á að fara í húsinu og með góða skírskotun til fortíðarinnar en Ísbjörninn í Reykjavík, sem var í útgerð og fiskvinnslu á sínum tíma, er einn af forverum þess félags sem nú er þekkt sem HB Grandi.

Talið er að um 1.500 manns hafi verið viðstaddir vígslu frystigeymslunnar og að ekki færri en 15.000 manns hafi lagt leið sína á Norðurgarð í dag en þar var vegleg hátíðardagskrá á vegum HB Granda í tilefni sjómannadagsins. Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, bauð gesti velkoma við vígsluathöfnina en meðal þeirra voru forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur. Á sama tíma voru hátíðarhöld dagsins ofar á Grandagarði og þegar allir ætluðu heim á sama tíma fór allt í lás. Þeir sem voru svo óheppnir að vera niður við Ísbjörninn þurftu að bíða á annan klukkutíma eftir að komast í burtu. Þetta sýnir að þetta svæði þolir ekki tvær mannfrekar samkomur á sama tíma.

Vilhjálmur Vilhjálmsson sagði það frábært að geta vígt frystigeymsluna á sjálfan sjómannadaginn og óskaði hann sjómönnum



Á svæðinu framan við Ísbjörninn á sjómannadaginn.

um til hamingju með daginn. Hann sagði það hafa verið sérstaklega gaman að horfa á þetta mikla og glæsilega mannvirki rísa á jafnskömmum tíma og raun bæri vitni eða á aðeins rúmlega sex mánuðum. „Hér hefur farið saman þekking og reynsla auk frábærs samstarfs allra þeirra fjölmörgu sem að verkinu hafa komið. Eg ætla ekki að fara að telja upp alla þá aðila sem hér hafa lagt hönd á plóg en finnst þó sérstök ástæða til að nefna Íslenska aðalverktaka sem sáu um bygginguna og völdu af kostgæfni undirverktaka með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum.

Auk þeirra sá Kælsmiðjan Frost um að koma upp frystikerfinu en við þá höfum við átt farsælt samstarf. Bygging sem þessi rís ekki á jafn áberandi stað nema um hana sé sátt. Það er mér ánægja að geta skýrt frá mjög góðri samvinnu okkar við borgaryfirvöld og Faxaflóahafnir. Þar vil ég sérstaklega nefna Hjálmar Sveinsson sem af áhuga sínum einum saman var okkur m.a. einstaklega hjálplegur við val á listaverki sem mun rísa hér við suðausturgöngu frystigeymslunnar,” sagði Vilhjálmur.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Vönduð og persónuleg
þjónusta

Sími: 551 7080 - 691 0919

athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

Kíktu til okkar á Fiskislóð 29

Ein stærsta og fullkomnasta bílapvottastöð landsins

Lóður

- Svampburstastöð, 54 m löng
- Snertilaus sjálfvirk bílapvottastöð
- Háprýstipvottur
- Bónstöð

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is

Gullsmiðja Óla 20 ára

**Nú verður
gullteningnum kastað.**

Í tilefni 20 ára afmælis Gullsmiðju Óla verður veittur 20% afsláttur af öllum vörum verslunarinnar frá 19. – 30. júní 2013.

Þar að auki fær fólk sem verslar tækifæri á að auka afsláttinn enn frekar með því að kasta tening og getur þá fengið auka afslátt af afsláttarverði.

1-2= 10% af afsláttarverði

3-4= 20% af afsláttarverði

5-6= 30% af afsláttarverði

Þannig að afslátturinn getur orðið allt að 44%.



Gullsmiðja Óla

Veltusundi 1 • Sími 564 3248

www.gull.is

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Kristín Ingólfssdóttir

Sverrir Einarsson

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Systrasamlagið – heilsuhof, opnar við Neslaugina:

Kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál

Systrasamlagið á Seltjarnarnesinu er ný og skemmtileg blanda af verslun og kaffihúsi sem á engan sinn líkan hér á landi. Lýsingin heilsuhof lætur kannski nærri en í Systrasamlaginu má fá margs konar heilsugóðgæti, s.s. gæða kaffi og te, heilsudrykki og -gos, slikkeri, croissant, kökur, grauta og "boost" ásamt vítamínum, flothettum, jógafatnaði, jógadýnum og fylgihlutum og öðrum árstíðarbundnum vörum. Systrasamlagið er á besta stað, beint fyrir utan Seltjarnarneslaugina og World Class.

Að sögn Jóhönnu Kristjánsdóttur, annars eiganda Systrasamlagsins hafa Seltirningar og aðrir tekið versluninni og kaffihúsinu fagnandi. "Það er ekki hægt að segja annað en að fólk sé forvitið og ánægt með að eiga kost á öðru en pylsu og kók og sykursætu sælgæti eftir líkamsræktina og sundferðirnar," segir Jóhanna sem rekur Systrasamlagið ásamt Guðrúnu systur sinni. "Okkar hugmynd var líka sú að koma á framfæri nauðsyn þess að



Systurnar Guðrún og Jóhanna Krisjánsdætur vildu m.a. koma á framfæri nauðsyn núvítundar með Systrasamlaginu, auk þess að selja allskyns aðra hollustu, eins og vítamín og bætiefni, þeytinga, croissant úr lífrænu hveiti og lífrænt kaffi og te, svo fátt eitt sé nefnt.



Lógó Systrasamlagsins hefur þegar vakið nokkra athygli. Það hefur verið valið til birtingar LogoLounge 8, úr 35.000 lógóum víðsvegar að úr heiminum, í bók þeirra sem kemur út eftir fáeina mánuði. Hönnuður þess er Einar Gylfason.

slaka á. Það er að fólk kynni sér kosti þess að iðka jóga og hugleiðslu í þessum ofurstressaða heimi," bætir Guðrún við. Það sé m.a. ástæðan fyrir því að systurnar hafi einnig valið að leggja áherslu á Flothettuna – til iðkunnar fljótandi hugleiðslu, alíslenska hönnun Unnar Valdísar, sem er eitthvað sem fólk bókstaflega verði að kynna sér nánar.

Þreyttir jóga-, líkamsræktar- og sundgarpar geta því ekki bara svalað þorsta sínum með heilsudrykk og fengið sér hollan bita í stað skyndibita, heldur líka kynnt sér fallegan jógafatnað, vítamín og bætiefni og skoðað kosti þess að róa hugann og vera í núinu.

En út af fyrir sig er einstök og róandi upplifun að staldra við í Systrasamlaginu á Seltjarnarnesinu.



Þú nærð árangri
með Plannja þakrennum

BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funis.is – www.blikkas.is

KR vann Víking Ólafsvík í fyrstu viðureign félaganna í deildarkeppni

KR mætti Víkingi Ólafsvík í Pepsi-deild karla sl. sunnudag. KR hefur ekki áður leikið við Víking frá Ólafsvík á Íslandsmóti, en eina viðureign félaganna í móti á vegum KSÍ er leikur félaganna í Lengjubikarnum 2012 þegar KR vann 3-2.

KR vann leikinn nú 2-1 eftir að hafa undir frá 4. mínútu eftir mark Víkings, og allt þar til að 60. mínútu þegar KR jafnaði úr vítaspyrnu sem markvörður Víkings varði, en inn skoppaði boltinn engu að síður. Skömmu síðar skoraði Óskar Örn Hauksson með stórglæsilegu skoti.

KR er í efsta sæti Pepsi-deildar eftir bestu byrjun félagsins á Íslandsmóti í 17 ár. KR-ingar hafa sigrað í sjö leikjum af átta leikjum af og gert eitt jafntefli Víkingar leika í efstu deild í fyrsta sinn, en frami þeirra hefur þeirra hefur verið ótrúlega skjótur. Víkingar léku í 2. deildinni árið 2010 og í 1. deild árin 2011 og 2012. Byrjunin hefur ekki verið góð og er liðið í neðsta sæti með eitt stig - eftir jafntefli gegn ÍBV - í átta leikjum. Víkingur var 23. liðið sem KR leikur gegn í deildarkeppni á KR-velli. KR leikur næst gegn Fylki á Árbæjarvelli næsta sunnudag.



Lúðvík Júlíus Jónsson, hefur verið vanari að vera á bekknum undanfarin ár, enda liðstjóri meistaraflokks KR til margra ára. Í leiknum móti Víkingi fylgdist hann með leiknum frá svölum KR-heimilisins.



Baldur Sigurðsson, sem var fyrirliði í fjarveru Bjarna Guðjónssonar vegna meiðsla, í viðureign við Víkinginn Damir Muminovic.



Guðmundur Reynir Gunnarsson átti þokkalegan leik hjá KR. Hér er boltinn að fara í fyrirgjöf fyrir mark Víkinga.



Þessir strákar í 5. flokki keppa á Akureyri á N1-mótinu. Þangað sendir KR 6 lið.

KR-ingar senda fjölmörg lið á stórmót víða um land í yngri flokkum

Norðurálmótið á Akranesi er knattspyrnumót fyrir alla kraftmikla stráka í 7. flokki, sem koma til að skemmta sér í leik og keppni, sannkallað stórmót 7. flokks karla.

Allir þjálfarar, fararstjórar, foreldrar, systkini og aðrir ættingjar eru ávallt velkomnir á Skagann með strákunum. Norðurálmótið 2013 var haldið 21.-23. júní sl. og á mótið í ár mættu 28 félög með 144 lið og um 1250 þátttakendur. KR-ingar stóðu sig vel, unnu í svokallaðri Spænsku deild í keppni A-liða, urðu í 1. og 2. sæti í þýsku deildinni í keppni C-liða og unnu íslensku deildina í keppni F-liða.

Önnur fjölmenn mót eru framundan, bæði fyrir stráka og stelpur. Shell-mótið í Vestmannaeyjum fer fram 26. til 30. júní nk. fyrir 6. flokk drengja, strákar í 5. flokki keppa á Akureyri á N1-mótinu 3. – 6. júlí nk. og svo er komið að stórmóti í knattspyrnu kvenna, Síamótinu í Kópavogi sem hefst 18. júlí nk. en það



KR stelpur á Síamótinu í fyrra.

er mót fyrir stelpur í 5., 6. og 7. flokki. Að sjálfsögðu sendir KR mörg lið á öll þessi mót.

KR-SÍÐAN

KR í 3. sæti í B-riðli 1. deildar kvenna



Christina Murray með boltann.

Christina Murray skoraði þrennu þegar KR vann Fjarðarbyggð 6-0 á Neskaupstað í 1. deild kvenna, A-riðli. Það var fyrsta þrenna KR-ings á Íslandsmóti í fjögur ár.

Sonja Björk Jóhannsdóttir skoraði tvö mörk og Sigrún Inga Ólafsdóttir eitt mark. Þetta var fyrsti leikur KR gegn Fjarðarbyggðar á

Íslandsmóti kvenna. KR lék sex sinnum gegn Þrótti frá Neskaupstað á árunum 1991 til 1993 en Þróttur er eitt þriggja félaga sem mynda Fjarðarbyggð.

KR er í 3. sæti riðilsins með 9 stig en Fjarðarbyggð er án stiga. Völsungur á Húsavík er í efsta sæti.

Evrópudeild UEFA:

KR-ingar mæta Glentoran frá Norður-Írlandi

KR-ingar fengu sem andstæðing í Evrópudeild UEFA Glentoran frá Norður Írlandi og verða leikirnir um miðjan júlímánuð.

Ef KR vinnur Glentoran og kemst áfram mætir það belgíska liðinu R. Standard de Liège í 2. umferð. Fyrri leikurinn yrði á KR-velli en sá seinni á Stade Maurice Dufrasne í Liège. R. Standard de Liège hefur átt stóran sess í þáttöku Íslendinga í Evrópukeppni.

Ásgeir Sigurvinsson varð fyrstur Íslendinga til að leika með erlendu félagi í Evrópukeppni þegar hann lék með Standard í 2-3 tapi fyrir Ards í UEFA-bíkarkeppniinni haustið 1973. Standard hefur einu sinn leikið við íslenskt félag í Evrópukeppni. Standard vann Val í Evrópukeppni bíkarhafa árið 1966. Valur náði góðu jafntefli í Laugardalnum en tapaði stórt í Belgíu.

Golfnámskeið

Næsta AimPoint-námskeið er 5. júlí.

Nánari upplýsingar á www.nggolf.is

1X2

GETRAUNANÚMER KR ER 107

Nýr og spennandi matseðill

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur og smáréttir

Komdu við og njóttu ljúffengra
veitinga í vinalugu umhverfi á
Hróa Hetti, Hringbraut 119

Við sendum
einnig heim
ljúffengan mat
af grillinu



30
tommu
RISAPIZZA
í barnaafmælið
-slær alltaf í gegn!



HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444